



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Hálsaskógur

2024 – 2025



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans	3
1 Greinargerð leikskólastjóra	4
2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2023-2024	6
3 Umbótaáætlun leikskólans 2024-2025.....	9
3.1 Birkilundur.....	14
3.2 Vík	15
3.3 Strönd.....	17
3.4 Grenilundur.....	18
3.5 Víðilundur.....	19
4 Innra mat sérkennslu.....	20
5 Innra mat – börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn	22
5 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	23
6 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	24
7 Foreldrasamvinna.....	25
8 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	26
Skipulagsdagar 2024-2025	26
9 Fylgiskjöl	28
10.1 Umbótaáætlun Birkilundar 2024-2025	28
10.2 Umbótaáætlun Grenilundar 2024-2025.....	31
10.3 Umbótaáætlun Víðilundar.....	33
10.4.....	35
10.2 Umsögn foreldraráðs.....	36





Leiðarljós leikskólans

Leikur

- Leikurinn er allan daginn.
- Lærum í gegnum leikinn, bæði börn og starfsfólk.
- Gleði.
- Unnið er út frá áhugasviði hvers og eins.
- Frjálsi leikurinn er í hávegum hafður.
- Sjálfsprottin leikur.
- Útileikir.
- Hreyfileikir og leikir unnið út frá tónlist.
- Boðið upp á fjölbreyttan efnivið sem hvetur börnin til að sköpunar.
- Notum leikinn til að byggja traust.

Virðing

- Að hlusta á aðra, allir hafa rödd og skoðanir.
- Að eiga góð og jákvæð samskipti.
- Vera góðar fyrirmyndir, börn og starfsfólk.
- Sýna fordómaleysi, börn og starfsfólk.
- Öll erum við einstök með ólíkar þarfir.
- Efla sjálfsvirðingu.
- Að nálgast hvern og einn á þeirra forsendum.
- Sanngirni, þolinmæði, áhugi og sveigjanleiki.
- Bera virðingu fyrir umhverfi og náttúru.
- Bera virðingu fyrir samstarfsfólki.
- Sýna góðmennsku.

Vinátta

- Traust og heiðarleiki.
- Sýna umhyggju.
- Opin og jákvæð samskipti og að samskipti séu í báðar áttir.
- Sýna samkennd og væntumþykju.
- Sýna fordómaleysi, börn og starfsfólk.
- Gleði.
- Að hlusta á aðra.
- Að deila með öðrum.
- Að kunna málamiðlun.
- Samvinna og samstarf.
- Hjálpssemi.
- Sýna umburðarlyndi og virðingu.
- Að tilheyra.





1 Greinargerð leikskólastjóra

Skólaárið 2023-2024 varð ekki alveg jafn áfallalaust og vonast var til. Áfram ríkti óvissa með hvenær Borgin yrði lagfærð og töluvert var um langtímaveikindi starfsmanna vegna slysa og persónulegra mála og var því töluvert um manneklu á ákveðnum tímabilum.

Strax um haustið 2023 var byrjað að tala um að við myndum ekki fá Borgina afhenda um áramót 2024/2025 en það hefur gengið illa að fá upplýsingar um þær framkvæmdir frá Reykjavíkurborg. Um áramót var ljóst að Borgin yrði ekki tilbúin fyrr en vorið 2025 og nú, þegar þetta er ritað, er talað um haust/áramót 2025. Þegar það var ljóst að það yrði enn meiri töf á framkvæmdum á húsinu var ákveðið að fækka börnum enn frekar í Hálsaskógi og vera bara í einu húsi (Koti) frá hausti 2024. Það er því búið að fækka um 50 pláss í leikskólanum og verður það þannig þar til framkvæmdum verður lokið. Góðu fréttirnar eru þær að það er búið að bjóða verkið út og erum við bjartsýn á að framkvæmdir hefjist í haust.

Á vorönn kom í ljós að leikskólinn myndi taka þátt í tilraunaverkefni sem kallast "Fyrr í frístund". Það gengur út á að elstu börnin hættu í byrjun júní í leikskólanum og byrjuðu í sumarfrístund í þeim grunnskóla sem þau fara í. Þau hættu því 7. júní í leikskólanum og 13. júní fluttu börnin úr Vogabyggð yfir í Kot. Það var einstaklega ánægjulegur dagur að sameinast á ný, með börnum, starfsfólki og foreldrum. Þökkum við starfsfólki í Ævintýraborg í Vogabyggð fyrir einstaklega gott samstarf.

Ljóst er að við munum áfram búa við mikil þrengsli og afar lélega aðstöðu fyrir starfsmenn en undirrituð hefur margoft óskað eftir færalegum skúr við leikskólann til að nýta sem starfsmannaaðstöðu en það hefur verið fátt um svör. Haustið verður óvenjulegt að því leyti að við munum ekki vera með aðlögun nýrra barna en getum í stað þess hafið vetrarstarfið af fullum þunga strax í byrjun september.

Í mars vorum við með foreldraviku þar sem foreldrum bauðst að koma og taka þátt í daglegu starfi barna sinna. Þau skráðu hvenær þau ætluðu að mæta og voru sumar stundir vinsælli en aðrar svo sem útinám og samverustundir. Þessi vika heppnaðist einstaklega vel og það var gaman að sjá hversu margir foreldrar gáfu sér tíma til að koma og njóta með barni sínu. Þessi vika mun verða endurtekin á næsta skólaári eins og sjá má í skóladagatali Hálsaskógar.

Stjórnendum leikskólans bauðst að fara í þrjár námsferðir á vegum Erasmus síðastliðið haust og fóru tveir til þrjár í hverja ferð. Í maí kom belgískur leikskólakennaranemi til okkar í starfsþjálfun en það er hluti af Erasmus verkefni sem Hálsaskógur tekur þátt í. Einnig höfum við tekið á móti nokkrum erlendum kennarahópum sem eru að kynna sér leikskólastarf á Íslandi.





Þrátt fyrir áföll og óvissu sem upp komu yfir skólaárið þá getum við litið stolt til baka yfir því faglega og flotta starfi sem er unnið í Hálsaskógi. Enn á ný horfum við björtum augum til næsta skólaárs þar sem allt verður einfaldara með því að vera staðsett bara á einum stað, það munar öllu. Starfsmenn Hálsaskógar eiga skilið orðu fyrir að standa þann ólgusjó sem við höfum verið í en er vonandi að ljúka!



Hluti af yngri börnunum sem dvöldu í Ævintýraborg í Vogabyggð í útinámi haustið 2023.





2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2023-2024

Innra mat

Innra mat fer fram reglulega yfir allt skólaárið í Hálsaskógi. Það er gert á deildarfundum, stjórnendafundum, á skipulagsdögum og með börnunum, bæði einstaklingslega og í smærri hópum. Farið er eftir matsáætlun og starfsáætlun síðasta árs og nú höfum við bætt við rafrænni gæðahandbók sem inniheldur alla viðburði á vegum leikskólans. Menntastefnu verkefnið okkar *Vinirnir í Skóginum - sterk saman* er í stöðugu endurmati ásamt Grænfánastarfinu. Við lítum á það sem rauðu þræðina í starfinu okkar og viljum gera vel þar og flétta inn grunnþætti menntunar út frá Aðalnámskrá leikskóla.

Hvað var metið?	Menntastefna. Læsi og útinám
Hvernig fór matið fram?	Á deildarfundum, stjórnendafundum, starfsmannafundum og með demantaaðferð með börnunum.
Hverjir tóku þátt í matinu?	Börn og starfsfólk
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Að vinna út frá Menntastefnunni gengur nokkuð vel. Útinámið hefur haldist frekar vel á flestum deildum en það eru helst yngri deildir sem voru í Vogabyggð sem fóru aðeins út af sporinu um miðjan vetur. Mannekla vetrarins setti mikið strík í reikninginn en þó yfirleitt tímabundið. Mörg læsis verkefni hafa orðið til og við erum sérstaklega ánægð með þemavinnuna okkar í janúar sem gekk vonum frammar. Vinna með <i>Lubbi finnur málbein</i> hefur gengið framúrskarandi vel á yngri deildum og þar er tækifæri til frampróunar í gerð efnis til að gera starfið fjölbreyttara. Að tengja útinámið við hljóðavinnu Lubba mætti vera markvissara og mörg tækifæri felast í að flétta þessa tvo námsþætti saman.

Hvað var metið?

Grænfánastarfið





Hvernig fór matið fram?	Á deildarfundum, stjórnendafundum, starfsmannafundum og í umhverfisnefnd og með gátlistum fyrir yngri börn.
Hverjir tóku þátt í matinu?	Börn og starfsfólk
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	<p>Grænfánastarfið hefur blómstrað á þessu skólaári og allar deildir hafa unnið ötullega að þemanu okkar sem var orka og vatn. Við skiluðum inn greinagerð á vormánuðum og fáum afhentan okkar níunda grænfána nú í sumar. Börnin voru áhugasöm og mörg verkefni urðu til út frá hugmyndum barnanna. Starfsfólk var vel í stakk búið til að ná utan um hugmyndir barnanna og útfæra skemmtileg og fjölbreytt verkefni.</p> <p>Grænfánastarfið er rauði þráðurinn í starfinu með börnunum og út frá því tengjum við læsið, útinámið, félagsfærni og alla þá þætti sem hafa þarf í huga í starfi með ungum börnum.</p>

Hvað var metið?	Þátttaka foreldra
Hvernig fór matið fram?	Könnun til foreldra um foreldravíkuna.
Hverjir tóku þátt í matinu?	Foreldrar barna í Hálsaskógi
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	<p>Foreldravíka var haldin í mars þar sem foreldrum bauðst að koma og taka þátt í daglegu starfi barna sinna. Þau skráðu sig á ákveðna tíma, sum skráðu sig tvisvar því þeim þótti þetta svo skemmtilegt.</p> <p>Það var send út könnun til foreldra um foreldrasamstarf vetrarins og svörunin var góð en um 83% foreldra svöruðu henni. Þar kom í ljós að um 85% þeirra sem svöruðu tóku þátt í foreldravíkunni og voru langflestir</p>





	<p>ánægðir eða mjög ánægðir með foreldravíkuna eða um 80%.</p> <p>Einnig var spurt um aðra viðburði þar sem foreldrum er boðið að koma og taka þátt í en það eru foreldrakaffi, jólaverkstæðið, þorakaffið og Skógardagurinn.</p> <p>Niðurstöður voru svipaðar og þegar spurt var um foreldravíkuna en heilt yfir svöruðu 96% svarenda að þeir hefðu tekið þátt í einhverjum af þessum viðburðum.</p> <p>Að lokum var spurt um hvort þeim fyndist viðburði fyrir foreldra vera hæfilega margir, of fáir eða of margir. Um 90% svöruðu að þeim fyndist þetta hæfilega mikið.</p> <p>Við stefnum því á að vera með sambærilega viðburði á komandi skólaári.</p>
--	---

Hvað var metið?	Viðburðir leikskólans
Hvernig fór matið fram?	Gæðahandbók þar sem hver og einn viðburður á vegum leikskólans var metin á deildarfundum jafnóðum. Einstaka viðburðir voru metnir með börnunum með demantaaðferð.
Hverjir tóku þátt í matinu?	Börn, foreldrar að hluta og starfsfólk
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Við höfum verið að þróa og breyta ýmsum viðburðum innan leikskólans í takt við breyttar áherslur. Það er styrkleiki að geta metið hvern viðburð fyrir sig og tækifærin felast í því að gæðahandbókin sé lifandi skjal þar sem við getum breytt og bætt jafnóðum út frá upplifun barna, starfsfólks og foreldra hverju sinni. Það hefur verið virkilega áhugavert að rýna í viðburðina sem leikskólinn stendur fyrir og spyrja sig af hverju er þetta svona? Við höfum t.d. tekið út bóndadags- og konudags





	kaffi og sameinað það í eitt foreldrakaffi sem ber nafnið Þorrakaffi.
--	---

Ytra mat

Hvað var metið?	Viðhorfskönnun starfsmanna
Hvernig fór matið fram?	Rafræn spurningakönnun - Stofnun ársins
Hverjir tóku þátt í matinu?	Starfsmenn
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	<p>Viðhorfskönnun starfsmanna var framkvæmd í október 2023. Því miður var afar léleg þátttaka starfsmanna Hálsaskógar í könnuninni eða rúmlega 30% sem svöruðu.</p> <p>Lægsta skorið fengu spurningar um launakjör, vinnuskilyrði og stolt af starfinu. Starfsandi, stjórnun og jafnrétti skoruðu hæst en heilt yfir skoraði leikskólinn undir meðallagi eða á bilinu 3,8-4,4 stig af fimm mögulegum.</p> <p>Þarna eru mörg sóknarfæri þó svo að ýmislegt sé ekki á okkar færi að laga (s.s. launakjör). Við munum halda áfram að reyna að bæta vinnuskilyrðin sem gæti samt orðið erfitt þar sem við búum við mikil þrengsli í Koti og það mun ekki breytast fyrr en Borgin verður tilbúin.</p> <p>Öll önnur atriði einsetjum við okkur að ná hærra skori í næst þegar viðhorfskönnunin verður gerð og höfum við fulla trú á að það takist.</p>

3 Umbótaáætlun leikskólans 2024-2025

Þeir þættir sem eru metnir yfir allan leikskólann í heild sinni eru aðrir en þeir þættir sem deildir leikskólans eru að meta. Við völdum að taka fyrir þessa þætti í leikskólastarfinu í heild en við sjáum tækifæri í að samræma vinnulag á milli deilda betur í ákveðnum þáttum starfsins. Við viljum líka sérstaklega hafa vakandi augu fyrir auknu álagi í starfi leikskólans út frá því að reyna að draga úr fjarverum vegna veikinda starfsfólks og auka þannig gæði starfsins.





Stjórnun- mannauður/leikskólabragur- innra mat	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að skoða út frá mismunandi aðstæðum, .s.s matartíma, fataklefa o.s.frv.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Merkingabær lýðræðisleg þátttaka barna. Velja 1-2 áherslupætti hverju sinni til að innleiða aukin réttindi barna. Hvernig vilja börnin hafa hlutina og hvernig vilja fullorðnir hafa þá? Hlusta á raddir barnanna og kenna þeim að taka ábyrgð á ákvörðunum sínum. Lýðræðislegar kosningar um einstaka atriði, s.s. mat á matseðil, hvaða bók á að lesa og svo framvegis.
Ábyrgð	Stjórnendur og starfsfólk
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Ágúst 2024-maí 2025
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	Samræður á deildarfundum, í samverustundum með börnunum, stjórnendafundir, demantaaðferð með börnunum.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að svarið við þessum spurningum sé já: <ul style="list-style-type: none">- Fá börnin tækifæri til að segja skoðun sína og hafa áhrif á daglegt starf leikskólans?- Eru jöfn tækifæri fyrir öll börn í leikskólanum til merkingarbærrar þátttöku og áhrifa?





Stjórnun- mannauður/leikskólabragur- innra mat	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Hlutverk starfsfólks í frjálsa leiknum
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að starfsfólk taki virkari þátt í leik barna og læri að meta aðstæður hverju sinni. Starfsfólk fer í auknum mæli niður á gólf í vinnu með börnunum í stað þess að vera óvirkur áhorfandi.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Uppfærð aðalnámskrá er kveikjan og leikur barna mun fá aukið vægi í okkar skólanámskrá. Fræðsla fyrir starfsfólk og umræður á skipulagsdögum.
Ábyrgð	Stjórnendur og starfsfólk
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Ágúst 2024-maí 2025
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Rýnihópur starfsmanna á miðjum vetri (janúar), deildarfundir, stjórnendafundir, endurmat deilda í maí 2025.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Upplifun starfsfólks og barna. Flæði í leik. Ánægja bæði barna og starfsfólks í leik og starfi.

Stjórnun- mannauður/leikskólabragur- innra mat	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Aukið flæði í dagskipulagi





Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	<p>Að útivera verði bæði fyrir og eftir hádegið og að börn velji hvenær þau fara út.</p> <p>Að hringekjan sköpun – tónlist – hreyfing sé ekki fyrir fram ákveðin eftir tímabilum heldur vinna deildir þessa þætta út frá áherslum á deildinni hverju sinni.</p> <p>Leggja áherslu á að ná að halda stýrihópa fundi þannig að stýrihópar séu virkir.</p>
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Endurhugsa heildarskipulagið út frá þessu.
Ábyrgð	Stjórnendur og starfsfólk
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Ágúst 2024-maí 2025
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Á deildarfundum, í samverustundum með börnunum, virkt samtal við úrtak barna, stjórnendafundir og á starfsmannafundi að hausti og vori.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	<p>Flæði í leik og starfi.</p> <p>Taka fyrir í snerpusamtali við starfsmenn að hausti og vori, upplifun starfsfólks.</p>

Stjórnun- mannauður/leikskólabragur- innra mat	
Umbótapáttur/matspáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Vinnuálag og starfsskilyrði
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að rýna í álag/starfsskilyrði og skoða hvað veldur helst. Að starfsfólk upplifi hæfilegt vinnuálag og hvað við getum gert til að bæta starfsskilyrði í Hálsaskógi.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Taka aukið tillit til þarfa einstakra barnahópa þegar þörf er á t.d. ef upp kemur mannekla.





Ábyrgð	Stjórnendur
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Ágúst 2024-maí 2025
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Samtöl við starfsfólk, deildarstjórafundir. Vera vakandi fyrir einkennum álags hjá starfsfólki og grípa inn í strax.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Starfsmannakönnun um ánægju í starfi með tilliti til vinnuálags og starfsskilyrða.



Innra mat deilda 2023-2024

Deildastjóri hversrar deildar hélt endurmatsfund með deildarstarfsmönnum þar sem farið var yfir leikskólaárið. Að auki höfðu allar deildir farið reglulega í endurmat á deildarfundum yfir skólaárið. Farið er eftir umbótaáætlun og ákveðnir þættir metnir hverju sinni. Allar deildir fóru yfir gæðahandbók viðburða í leikskólanum, umbótaáætlun síðasta leikskólaárs og styrkleika og tækifæri í deildarstarfinu. Deildastjórar skráðu og skrifuðu greinagerð sína út frá því.

3.1 Birkilundur

Styrkleikar

Félagsfærni barna á deildinni er meiri og betri en hún var í byrjun skólaárs. Kennarar deildarinnar hafa horft vel eftir því í vetur hvernig samskipti barnanna í hópnum er og stigið inn í og leiðbeint þegar þess hefur þurft. Börnin eru orðinn virkari í að finna lausnir þegar árekstrar verða í barnahópnum. Það má því segja að félagsfærni barna á deildinni hafi farið



mikið fram með aukinni áherslu á hlutverkaleik og frjálsan leik. Í haust byrjaði líka barn með fjöl þættan vanda á deildinni og hefur koma þess aukið víðsýni barnanna á félagsfærni.

Fjölbreytileiki barnahópsins og starfsmannahópsins er líka eitt af styrkleikjum deildarinnar. Við erum með börn og starfsfólk frá mismunandi menningarheimum. Stefnum að því næsta skólaár að koma fjölbreytileikanum enn meira inn í veggina á deildinni og það ætlum við að gera með jákvæðni og víðsýni fyrir fjölbreytileikanum. Við erum nefnilega öll jafn mikilvæg fyrir samfélagið og enginn er góður í öllu en við erum öll erum við góð í einhverju.

Lestur er eitt af styrkleikjum deildarinnar lestrarstundir þær eru á hverjum degi og síðan eru börn og starfsmenn dugleg að grípa tækifærið þegar það gafst og lesa saman



Tækifæri

Að vinna betur með demantaaðferðina og ná þeim markmiðum sem við höfum sett okkur. Því þetta er svo góð leið til að finna hvar áhugasvið barnanna liggur í leik og starfi leikskólans. Stefnum að því að öll börn geri demant oftár en einu sinni yfir hverja önn svo við vitum hvar áhugasvið allra barna á deildinni liggja.

Við þurfum skýrari markmið með útináminu, hver er tilgangur með ferðinni sem við erum að fara í, erum við að læra um náttúruna, ganga í hóp eða annað sem við viljum leggja áherslu á. Finna leiðirnar strax að hausti með hvað viljum við leggja áherslu á í útináminu, vera búin að setja niður fyrirfram, til dæmis næstu sex útinámsstundir.


3.2 Vík

Veturinn 2023-2024 í Ævintýraborg var bæði skemmtilegur og fróðlegur en á sama tíma nokkuð krefjandi. Í júní 2024 flytjum við svo upp í Kot, bæði starfsmenn og börn. Gott að við erum í æfingu með að aðlagast nýjum aðstæðum og ég hef fulla trú á því að það muni ganga eins vel og síðustu flutningar.

Styrkleikar

Lubbastundir hjá okkur voru mjög skemmtilegar og hafa aldrei gengið jafn vel. Við hittum Lubba alltaf einu sinni í viku, hlustuðum á lögin, lásum Lubbasögurnar, æfðum hreyfingarnar, töluðum um hljóðin og hengdum upp myndir með stöfunum ásamt myndum af hlutum sem byrja á hljóðinu. Við munum svo sannarlega halda áfram með Lubbastundirnar okkar næsta vetur.

Lestrarstundirnar hafa líka gengið mjög vel og öll börn fengu lestrarstund a.m.k. einu sinni á dag í vetur. Skemmtilegast var læsisverkefnið í janúar þar sem hver deild valdi sér eina bók og kafaði dýpra í þá bók. Við lásum bókina á hverjum degi hvort sem það var bókin, loðtöflusaga eða bókabíó og kunnu börnin bókina aftur á bak og áfram. Gerðum svo





endursögn úr bókinni og ýmis listaverk. Höfðu bæði börn og starfsfólk mjög gaman af þessu.

Við gerðum nokkra endurmatsdemanta með börnunum þetta árið. Sú aðferð er notuð til að meta hvað börnunum finnst skemmtilegast að gera í leikskólanum. Dæmi um það sem við ræddum við börnin var hvað þeim finnst skemmtilegast að gera í samverustund og meta hvaða dót í leikskólanum þeim fannst skemmtilegast að leika með.

Tækifæri

Útinámið gekk ekki alveg eins og við vildum og því munum við halda áfram með það í endurmati næsta árs. Höfum fulla trú á því að útinámið muni ganga betur í Koti. Við fórum samt í gönguferðir og hjólaferðir þar sem Vogabyggð hefur til umráða tvö rafmagnshjól sem er með vagni að framan fyrir fjögur börn hvert hjól. Börnin elska að fara í hjólaferðir og eigum við eftir að sakna þess að hafa þann möguleika í Koti.



Vík, Strönd og Víðilundur munu skila saman umbótaráætlun þennan veturinn þar sem flutningar munu eiga sér stað von bráðar og við munum sameinast. Við kveðjum Vogabyggðina og byrjum svo næsta vetur í Koti, full tilhlökkunar og gleði.



3.3 Strönd

Styrkleikar

Haustið fór vel af stað á Strönd.

Dagsskipulagið okkar gekk vel upp, þar sem börn og starfsfólk var fljótt að finna sig saman í dagsrútinunni. Við byrjuðum strax að vinna með Lubbastundir, sem vekja alltaf mikinn áhuga barnanna og héldum þeim út vorönn sem gekk afskaplega vel hjá okkur. Við gerðum mikið af listverkefnum með börnunum í allan vetur sem þau nutu mikið. Það



voru fjölbreytt verkefni, allavega tvö verkefni á mánuði per barn – bæði tengt þeim og árstíðum. Við unnum með skemmtileg þemu yfir önnina og gerðum mörg fjölbreytt verkefni í hvert skipti. “Bangsi heim” verkefnið sem kallast Herra Níels gekk mjög vel og vakti alltaf mikla kátínu barnanna, það er virkilega skemmtilegt verkefni. Börnin taka Herra Níels með sér heim yfir eina nótt, foreldrar barnanna skrifa niður í bókina sem honum fylgir hvernig dagurinn þeirra var og svo segja börnin okkur svo frá því sem þau gerðu saman í samverustund.

Það komu upp ýmsar áskoranir varðandi mönnun deildarinnar og á tímabili í október voru 4 starfsmenn í veikindaleyfi á sama tíma. Þetta hafði í för með sér áskoranir í starfinu og fyrir börnin en starfsmenn voru jákvæðir og lausnamiðaðir og gerðu alltaf sitt besta. Á vorönn komumst við aftur í mjög góða rútinu og unnum vel saman að því að halda utan um deildarstarfið og börnin. Góður starfsandi skilar svo miklu fyrir hópinn og verður til þess að allir reyna að láta hlutina ganga upp þótt á móti blási. Við vorum mikið að skipta þeim í minni hópa sem að er gott fyrir alla að okkar mati og mætti gera ennþá meira af.

Tækifæri

Það eru alltaf tækifæri til að bæta ákveðna þætti í leikskólastarfinu. Gott skipulag deildar fyrir starfsfólkið er mikilvægt og hjálpar til við að styðja og styrkja við það sem gengur vel – og halda betur utan um það sem að mætti ganga betur.



Til að byrja með á haustönninni gengu samverustundir vel. Það var hins vegar frekar mikill órói í barnahópnum í samverustundum allt skólaárið. Við reyndum ýmsar aðferðir til þess að ná meiri ró í hópinn (litla hópa, föst sæti, aldursskiptingu o.fl.) en hefðum viljað sjá það ganga aðeins betur.

Í byrjun haustannar gekk útinámið hjá okkur mjög vel og við fórum tvær ferðir með börnin sem voru beintengdar við listverkefni sem að við gerðum út frá þeim. Það var skemmtileg tenging og gerði verkefnið og útinámið svo djúpstætt. Auk þess fórum við ýmsar gönguferðir í umhverfinu okkar niðri í Vogabyggð. Útinámið datt því miður svolítið niður um miðbik skólaársins en við náðum aftur góðum takti með vorinu.

3.4 Grenilundur

Styrkleikar



Við á Grenilundi höfum náð að halda vel utan um dagskipulagið okkar. Þættir eins og útinám, lestur, Lubbastund og matartími hafa gengið mjög vel hjá okkur. Hvert og eitt barn er með fast borð í hádegismatnum en fá að velja sæti á því borði og hefur okkur fundist það ganga mjög vel og ætlum að halda því áfram í haust. Útinám hefur gengið mjög vel hjá okkur við höfum nánast alltaf náð að fara í útinám þannig að hvert og eitt barn fer í útinám 1x í viku. Lestrarstundin gekk mjög vel seinasta vetur en við skiptum börnunum í tvo hópa og við höfum náð vel þeim markmiðum sem við settum okkur, það er að lesa meira með börnunum. Lestrarstundir eru alltaf eftir hádegismat og einnig

lesum við mikið með börnunum á morgnanna þegar tækifæri gefst.

Tækifæri

Jafnvel þótt við höfum náð að halda vel utan um útinámið þá þarf að skipuleggja betur hverja stund fyrir sig, setja okkur markmið og vinna út frá því.

Elstu börnin gerðu tvo demanta seinasta vetur en yngri börnin gerðu engan demant, markmiðunum að gera einn demant á hvorri önn gekk hjá elstu börnunum en ekki yngri og bætum við úr því í vetur.

Það að bæta málörvun inná deild er eitthvað sem við viljum leggja áherslu á í gegnum sögugerð og langar okkur að leggja áherslu á það að bjóða börnunum að vinna meira með sögugerð í minni hópum eins og vinnustund.



3.5 Víðilundur

Styrkleikar

Eftir vetur óvæntra uppákoma á Víðilundi er nokkuð ljóst að styrkleikar felast að miklu leyti í sveigjanleika bæði barna og starfsfólks. Bæði starfsfólk og ekki síður barnahópurinn hefur sýnt mikla seiglu í að takast á við óvæntar



uppákomur og breytingar með æðruleysi. Við sameinuðum um áramót Víðilund og Litlilund og þrátt fyrir að það reyndi á tókst það vel. Það gekk vel að hafa fastan starfsmann á vinnustundarhópum og að gefa okkur aukið rými og meira frelsi að vera óháð klukkunni í dagskipulaginu. Okkur gekk vel að vera með reglulegt útinám, allir hópar fóru vikulega í útinám fyrir utan yngsta hópinn (áður Litlilundur) sem oftar féll niður vegna færðar og veðurs.

Tækifæri

Eftir þennan vetur eru ýmis tækifæri á Víðilundi. Deildin hefur breyst mikið en nú er stærsti hluti hennar 3ja ára börn sem breytir aðeins forsendum. Við sjáum fyrir okkur tækifæri í nýju skipulagi og að byggja upp betri umgjörð um hluti sem áður gengu þó vel s.s. útinám, samveru, lestrarstundir og annað. Að bæta og auka markvissa málörvun inn á deild í gegnum meira flæði og aukna þátttöku kennara í frjálsum leik er eitthvað sem við viljum sjá á deildinni. Okkur langar til þess að nýta bæði efnivið og húsnæði deildarinnar betur og brjóta barnahópin upp til þess að svo megi verða. Í endurmati deildarinnar var líka samhljómur hjá starfsmönnum um að þörf væri á einhverskonar grind eða hugmyndabanka fyrir ýmsar aðstæður s.s. samverustund, tónlistarstund, Lubbastund og fleira. Það kæmi sér mjög vel til að styrkja faglegt starf að slíkt væri til staðar.

Umbótaáætlun deilda 2024-2025 má finna í fylgiskjöllum.



4 Innra mat sérkennslu

Mat á sérkennslu 2023-2024

<p>Skipulagning sérkennslu Hvernig var sérkennslan skipulögð; Var gerð einstaklingsnámskrá fyrir öll börn sem þess þurftu með? Var lögð áhersla á að barn sem nýtur stuðnings sé virkur þátttakandi í leikskólastarfinu og að stuðningur fari fram innan barnahópsins eins mikið og frekast er kostur? Gætti allt starfsfólk leikskólans að því að stuðla að fullgildi barna þannig að þau taki virkan þátt og öðlist gleði í leik og öðru námi og starfi? Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?</p>	<p>Eins og áður var sérkennslan umfangsmikil í Hálsaskógi. Við stóðum okkur betur en oft áður í einstaklingsnámskrárgerð en það er þó eitthvað sem heldur áfram. Öll börn sem nutu sérkennslu voru fyrst og fremst hluti af barnahópnum og viðbótarþjálfun var iðulega innan hópsins eða deildarinnar. Mörg barna hafa verið í atferlisþjálfun og skráning með þeim hætti en einnig var í einhverjum tilfellum gerð vikuskráning með tengingu í einstaklingsnámskrá barns þar sem hægt var að staðfesta að unnið hefði verið að viðeigandi markmiði, sama hvernig að því var staðið s.s. í einstaklingsþjálfun, matartíma eða vinnustund)</p>
<p>Hvaða matsgögn voru notuð? Hér er vísað í TRAS, AEPS,HLJÓM-2 og fl.</p>	<p>Í Hálsaskógi notum við mikið AEPS við gerð einstaklingsnámskráa og í ár var engin breyting á. Einnig var Hljóm-2 og EFI-2 framkvæmd á öllum sem við á og í framhaldi af því farið af stað með íhlutun.</p>
<p>Hvaða námsefni var notað? Vorur t.d notuð aðkeypt námsgögn?</p>	<p>Notast var að mestu við þau gögn sem þegar eru til og útbúin gögn eftir þörfum.</p>

Umbótaáætlun sérkennslu 2024-2025

Deild/aldur barna	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Samráðsfundir stuðningsaðila
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að fjölga fundum með stuðningsaðilum til að auka samráð og samræma verklag. Náðum einum í vetur en þörf á fleirum.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Setja fund snemma að hausti og allavega 1x á önn.
Ábyrgð	Sérkennslustjóri og leikskólastjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haust 2024. Lýkur og endurmetið vor 2025.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	Að vori. Hvort þessir fundir hafi farið fram og hvort og hvernig þeir nýtist starfsfólki.





(t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að starfsfólk upplifi gagn af þessum fundum og að það komist til skila betra samræmi.

Deild/aldur barna	Allar deildir
Umbótaþáttur/matsþáttur	Einstaklingsnámskrár og skráning
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Útbúa einstaklingsnámskrár á sama formi fyrir öll börn a.m.k. 3x yfir skólaárið.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Kynnt á fundi að hausti og öll gögn. Setja ákveðna „skiladaga“
Ábyrgð	Sérkennslustjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haust 2024
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Janúar 2025 og vor 2025. Að einstaklingsnámskrár liggi fyrir vegna allra barna í fyrsta flokki.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að þetta hafi verið framkvæmt og að námskrár liggi fyrir og nýtist í starfi.

Deild/aldur barna	Allar deildir
Umbótaþáttur/matsþáttur	Samvinna innan deilda
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að allir starfsmenn deildar séu séu meðvitaðir um hvað verið er að vinna með og taki þátt í þjálfun barns.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Að á deildarfundi sé einstaklingsnámskrá barns kynnt fyrir öðru starfsfólki.
Ábyrgð	Stuðningsaðili og deildarstjórar





Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haust 2024 og fram að vori 2025. Haldið áfram ef gengur vel.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Samtal við starfsmenn deildar um hvort að þetta fyrirkomulag hafi eftir þau og öryggi þeirra í vinnu með börnum sem njóta sérkennslu.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Viðhorf starfsfólks.

5 Innra mat – börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn

Mat á málörvun og virkri þátttöku barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn 2023-2024

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Leikskólinn er með verkefnastjóra fjölmenningar sem sinnir sérstaklega málörvun þessa hóps ýmist með einstaklings eða hópstundum.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Orðaforðalisti MMS, orðaforðalisti sem notaður hefur verið í atferlisþjálfun og samsuða af ýmsum matslistum hafa verið í notkun og hafðir til hliðsjónar.
Er lögð áhersla á að leggja inn ríkulegan orðaforða/dýpka orðaforða (í öllum aðstæðum, bæði skipulögðum og óskipulögðum)?	Við erum í stöðugri orðaforðavinnu en höfum mikið rætt um að vilja gera þennan þátt markvissari.
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? eru t.d. notuð matstæki, <i>Hæfniramar í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla</i> , gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Við notum sömu matstæki og fyrir öll börn, s.s. EFI-2, Hljóm-2. Dreigið hefur úr notkun TRAS en það stendur til bóta.
Er hugað að öllum þáttum í læsisstefnu leikskóla, <i>Lesið í leik</i> , varðandi málþroska og virka þátttöku barna? Þættir máls: orðaforði og	Með fjölbreyttum viðfangsefnum í almennu leikskólastarfi reynir á alla þessa þætti og því





málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	unnið með þá alla á einhvern hátt. Þetta er annar þáttur sem má styrkja vel.
---	--

Umbótaáætlun – fjöltyngi 2024-2025

Deild/aldur barna	Allar deildir
Umbótaþáttur/matsþáttur	Markviss málörvun á deildum.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að málörvun fjöltyngra barna sé markvissari inn á deildum.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Útbúa mánaðardagatal með yfirliti yfir þemu þar sem á ákveðnum tíma er sérstaklega unnið með ákveðinn orðaforða.
Ábyrgð	Verkefnastjóri fjölmennningar, sérkennslustjóri og deildarstjórar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Ágúst 2024 - maí 2025
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Á samráðsfundum stuðningsaðila með sérkennslustjóra verður rætt hvort þessi grind sé útbúin og að farið sé eftir henni.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að áætlunin sé til og að hún nýtist í starfi og efli fjöltyngd börn (og svo sem öll önnur börn).

5 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Á vorönn fóru allir starfsmenn í snerpusamtal, ýmist hjá leikskólastjóra eða aðstoðarleikskólastjóra. Áætlað er að vera með snerpusamtöl með mismunandi áherslum bæði á haustönn og vorönn.

Á skipulagsdögum síðasta skólaárs var meira um að starfsmenn væru sjálfir með fræðslu um námskeið og fræðslu sem þeir höfðu sótt. Utanaðkomandi fræðsla var um Lýðheilsuverkefni í Breiðholti sem er að fara af stað, skyndihjálparnámskeið, kynning á breyttum köflum í Aðalnámsskrá





leikskóla, kynning og umræður um BBB (Betri borg fyrir börn) og síðast en ekki síst var mikið af ýmis konar fræðslu á menntastefnumótinu 17. maí s.l.

Þá fóru stjórnendur í námsferðir til Eistlands, Tékklands og Noregs á vegum Erasmus og sögðu þeir frá þeim ferðum á skipulagsdögum.

Í haust munum við byrja í Nordplus samstarfsverkefni með leikskólum frá Litháen, Eistlandi og Svíþjóð. Verkefnið gengur út á að kynnst leikjamenningu barna í þessum löndum og hvernig þau nýta leikinn sem námsleið.

Á næsta skólaári er stefnan meðal annars sett á að fara á leikskólaráðstefnuna í febrúar, fá fyrirlestur um samskipti og andlega vellíðan, fá kynningu/námskeið um hlutverk starfsmanna í frjálsum leik og fleira sem á eftir að skipuleggja.

6 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Samstarf milli skólastiga í Seljahverfi hefur verið í nokkuð föstum skorðum síðastliðin ár þá má því gera ráð fyrir að skipulagið verði nokkurn veginn svona en það er endanlega ákveðið á stjórnendafundi í september:

- Skólastjórar hittast á samráðsfundi í byrjun september.
- September: Deildarstjórar elstu barna og umsjónarkennarar 1. bekkjar grunnskólanna hittast og ræða komandi skólaár, farið er yfir hvernig skólaheimsóknir gengu og þær endurmetnar. Einnig er farið yfir komandi samstarf á nýju skólaári.
- Október: Gamlir leikskólanemendur koma í heimsókn til okkar úr báðum grunnskólum.
- Nóvember: Heimsóknir elstu barna okkar í grunnskólana í litlum hópum. Nemendur úr 7. bekk Ölduselsskóla koma og lesa fyrir allar deildir á Degi íslenskrar tungu.
- Febrúar: Elstu börnin okkar fara í heimsókn tvö í grunnskólana.
- Mars: Skólastjórnendur hittast til að ákveða sameiginlega skipulagsdaga fyrir skólaárið 2024-2025.
- Maí: Elstu börnin okkar fara í heimsókn þrjú í grunnskólana. Leikskólinn skilar börnum til grunnskólanna.
- Maí: Elstu börnin fara í heimsókn í frístund.
- Báðir grunnskólarnir í hverfinu, Seljaskóli og Ölduselsskóla hafa boðið elstu börnunum að koma á nemendaleiksýningar og þá er okkur boðið í Ölduselsskóla fyrir páskana að skoða páskaunga sem eru þar ár hvert.
- Í lok maí eru skilafundir þar sem fulltrúar leikskóla, grunnskóla og frístundar hittast.





- Auk þessa erum við í samstarfi við Ölduselsskóla með valáfanga hjá unglिंगastiginu þar nemendur í 8., 9. og 10. bekk geta valið um að koma í starfsnám í Hálsaskóg. Þau koma þá einu sinni í viku, tvo tíma í senn og stendur hvert tímabil yfir í átta vikur. Mikil ánægja hefur verið með þetta samstarf.

7 Foreldrasamvinna

- Foreldraráð Hálsaskógar er skipað þremur til sex fulltrúum sem kosnir eru á foreldrafundi að hausti. Leikskólastjóri heldur utan um foreldraráðið og boðar reglulega til fundar sem haldnir eru í byrjun dags.
- Foreldrafundir eru haldnir að hausti í september/október að morgni til. Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og deildarstjórar sitja þennan fund. Farið er yfir komandi skólaár og hverjar áherslur verða í starfinu. Auk þess fá foreldrar kynningu á foreldrahandbók og leikskóladagatalinu. Að þessu sinni ætlum við að vera með þrjá foreldrafundi, einn á hverri deild.
- Foreldraviðtöl eru haldin tvisvar sinnum á ári. Fyrri viðtölin fara fram í nóvember og þar er farið yfir líðan barnsins. Í seinni viðtölunum sem venjulega fara fram í mars er farið í líðan og þroska barnsins. Foreldrum er boðið upp á fjarviðtöl eða símaviðtal í október en við leggjum áherslu á að fá þau á staðinn í seinna viðtalið. Foreldrar barna sem eru að byrja í Hálsaskógi eru alltaf boðin í fyrsta viðtal áður en vistun barnsins hefst.
- Foreldrafélag er starfandi í Hálsaskógi og í félaginu sitja 5-6 fulltrúar og skipta þeir með sér verkum. Foreldrafélagið sér um að skipuleggja og halda utan um ýmsa viðburði. Félagið stendur einnig straum að ýmsum kostnaði s.s. leiksýningum, sveitaferð og jólaballi. Aðstoðarleikskólastjóri heldur utan um foreldrafélagið og situr fundi með þeim. Foreldrafélagið hittist til að funda þegar þörf er á, eins fara fram samskipti inn á lokuðum hóp á Fésbókinni.





8 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar 2024-2025	
Föstudagur 30. ágúst	Heill skipulagsdagur.
Föstudagur 11. október	Heill skipulagsdagur.
Föstudagur 22. nóvember	Heill skipulagsdagur. Sameiginlegur skipulagsdagur hjá leik- og grunnskólum í Seljahverfi
Fimmtudagur 6. febrúar	Heill skipulagsdagur.
Mánudagur 17. mars	Heill skipulagsdagur. Sameiginlegur skipulagsdagur hjá leik- og grunnskólum í Seljahverfi
Föstudagur 16. maí	Heill skipulagsdagur. Sameiginlegur skipulagsdagur hjá leik- og grunnskólum í Seljahverfi





Samband íslenskra sveitarfélaga

Leikskóladagatal 2024 - 2025

Nafn leikskóla: **Leikskólinn Hálsaskógur**

AGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 F	1 S	1 Þ	1 F	1 S Fullveldisdagurinn	1 M Nýársdagur	1 L	1 L	1 Þ	1 F Verkalýðsdagurinn	1 S	1 Þ Afmæli Hálsaskógar
2 F	2 M	2 M	2 L	2 M	2 F	2 S	2 S	2 M	2 F	2 M Símannadagurinn	2 M
3 L	3 Þ	3 F	3 S	3 Þ	3 F	3 M	3 M Bolludagur	3 F	3 L	3 Þ	3 F
4 S	4 M	4 F	4 M	4 M	4 L	4 Þ Þorakaffi	4 Þ Sprengidagur	4 F	4 S	4 M	4 F
5 M Fridagur verslunarmanna	5 F Gulur dagur	5 L	5 Þ	5 F Jólaverkstæði	5 S	5 M	5 M Öskudagur	5 L	5 M	5 F	5 L
6 Þ	6 F	6 S	6 M	6 F	6 M Brettándinn	6 F Skipulagsdagur	6 F	6 S	6 Þ	6 F	6 S
7 M	7 L	7 M	7 F	7 L	7 Þ	7 F Dagur tónlistarskólans	7 F	7 M	7 M	7 L	7 M
8 F	8 S Dagur læsis	8 Þ	8 F Baráttudagur gegn einelti	8 S	8 M Vasaljósdagur	8 L	8 L	8 Þ	8 F Hvítasunnudagur	8 S	8 Þ
9 F	9 M	9 M	9 L	9 M	9 F	9 S	9 S	9 M	9 F	9 M Annar í hvítasunu	9 M
10 L	10 Þ	10 F	10 S	10 Þ	10 F	10 M	10 M Foreldravika	10 F	10 L	10 Þ	10 F
11 S	11 M Foreldrafundur Birkilund	11 F Skipulagsdagur	11 M	11 M	11 L	11 Þ Dagur íslenska táknefilsins	11 Þ	11 F	11 S	11 M	11 F
12 M	12 F Foreldrafundur Vöðilundi	12 L	12 Þ	12 F	12 S	12 M	12 M	12 L	12 M	12 F	12 L
13 Þ	13 F Foreldrafundur Grenilun	13 S	13 M	13 F Jólabbal	13 M	13 F	13 F	13 S Palmisunnudagur	13 Þ	13 F Sumarhátíð	13 S
14 M	14 L	14 M Foreldrasamtöl hefjast	14 F	14 L	14 Þ	14 F	14 F Dagur stærðfræðinnar	14 M	14 M	14 L	14 M
15 F	15 S	15 Þ	15 F	15 S	15 M	15 L	15 L	15 Þ	15 F	15 S	15 Þ
16 F	16 M Grænn dagur	16 M	16 L Dagur íslenskrar tungu	16 M	16 F	16 S	16 S	16 M	16 F Skipulagsdagur	16 M	16 M
17 L	17 Þ	17 F	17 S	17 Þ	17 F	17 M	17 M Skipulagsdagur	17 F Skírdagur	17 L	17 Þ Lýðveldisdagurinn	17 F
18 S	18 M	18 F Bleikur dagur og fjölsk	18 M	18 M	18 L	18 Þ	18 Þ	18 F Föstudagurinn langi	18 S	18 M	18 F
19 M	19 F	19 L	19 Þ	19 F	19 S Rauður dagur	19 M	19 M	19 L	19 M Fjölmeningarvika	19 F	19 L
20 Þ	20 F	20 S	20 M	20 F Dagur mannréttinda barna	20 F	20 M	20 F	20 S Þáskadagur	20 Þ	20 F	20 S
21 M	21 L	21 M	21 F	21 F	21 L	21 Þ	21 F	21 M Annar í Þáskum	21 M	21 L	21 M
22 F	22 S	22 Þ	22 M	22 F Skipulagsdagur	22 S	22 M	22 L	22 F	22 F	22 S	22 Þ
23 F	23 M	23 M Bangsa-og náttfátadagur	23 L	23 M Þorláksmessa	23 F	23 S Konudagur - upphaf Góu	23 S	23 M	23 F Regnbogadagur	23 M	23 M
24 L	24 Þ	24 F Vetrarfrí grunnskóla	24 S	24 Þ Aðfangadagur jóla	24 F Bóndadagur - fyrsti dagur borra	24 M Vetrarfrí grunnskóla	24 M Foreldrasamtöl hefjast	24 F Sumardagurinn fyrsti	24 L	24 Þ	24 F
25 S	25 M	25 F Vetrarfrí grunnskóla	25 M	25 M Jóladaur	25 L	25 Þ Vetrarfrí grunnskóla	25 Þ	25 F	25 S	25 M	25 F
26 M	26 F Evrópski tungumáladagurinn	26 L Fyrsti vetrardagur	26 Þ	26 F Annar í jólum	26 S	26 M	26 M	26 L	26 M	26 F	26 L
27 Þ	27 F	27 S	27 M	27 F	27 M	27 F	27 F	27 S	27 Þ	27 F	27 S
28 M	28 L	28 M Vetrarfrí grunnskóla	28 F	28 L	28 Þ	28 F	28 F	28 M	28 M Útskrift elstu barna	28 L	28 M
29 F	29 S	29 Þ	29 F	29 S	29 M	29 L	29 L	29 Þ	29 F Upptögningardagur	29 S	29 Þ
30 F Skipulagsdagur	30 M	30 M	30 L	30 M	30 F	30 S	30 S	30 M Skógardagurinn	30 F	30 M	30 M
31 L		31 F		31 Þ Gamlársdagur	31 F		31 M		31 L		

Í reglum um leikskólabjónustu segir:

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrjú þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagur starfsfólks eða frídagar nemenda í grunnskólum en hinir þrjú geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa. Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumarleyfi. Leikskólastjóri ákveður, að höfðu samráði við starfsmenn og foreldraráð viðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opin allt sumarið eða loki samfellt í tíu til tuttugu virka daga. Stefna skóla- og frístundasviðs er að í hverju hverfu leitist skólastjórnendur leik- og grunnskóla við að samræma starfs- og skipulagsdaga til hagræðis við fjölskyldur í Reykjavík.

9 Fylgiskjöl

10.1 Umbótaáætlun Birkilundar 2024-2025

Deild/aldur barna	Birkilundur/ árgærð 2019 og 2020
Umbótapáttur/matspáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Sögugerð og frásagnir
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Börnin fá tilfinningu og læri að setja skipulag á frásagnir sínar. Börnin læri að setja upphaf, miðju og endi á frásagnir og sögur. Markmiðið er að þau fái tilfinningu fyrir því að tjá sig í réttri tímaröð.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Vinnustundum
Ábyrgð	Hópstjórar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2024 – Maí 2025
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Deildarfundum. Vinnustundum þar sem hópstjóri metur þetta með sínum hóp. Afurð í ferilmöppum og á veggjum .
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að kennarar fái betri yfirsýn yfir hvað höfðar til barnanna á deildinni í leik og starfi. Að börnin fái betri yfirsýn yfir hvað það er sem höfðar til þeirra í leik þeirra og starfi í leikskólanum.



Deild/aldur barna	Birkilundur/2019 og 2020
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Auka lýðræði barna
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Auka lýðræði barna og börnin átti sig á því hvað lýðræði er. Börnin upplifi að þau séu öll jöfn. Börnin læri að þau hafa öll rödd að þeirra skoðanir skipta máli og raddir allra barna heyrist jafnt.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Umræður og verkefnavinna í litlum hópum t.d. vinnustund og útinámi. Í stórum hópum t.d. samverustund. Deildarsáttmáli, félagsfærnisögur, tilfinningaspjöld, lesa sögur, læra að setja sig í spor hvors annars t.d. í hlutverkaleik. Uppeldi til ábyrgðar
Ábyrgð	Deildarstjóri, starfsmenn deildarinnar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2024 – júní 2025
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Deildarfundum og með börnunum bæði litlum og stórum hópum. Hvað gengur vel og hvað ekki. Hvað hefur áunnist og eru einhverjar aðrar leiðir sem virka betur. Kennarar deildar gera samskiptamat fyrir hvert barn á deildinni. Ræða við börnin og endurmeta hvernig þeim finnst félagsleg samskipti vera á deildinni og hvort þau hafi einhverjar lausnir svo öllum megi líða vel. Passa upp á að öll börn fái að tjá sig svo raddir allra barna á deildinni heyrist. Taka vel á móti hverju barni þegar þau mæta svo þau finni og skilji að þau skipta öllum máli fyrir okkur í leikskólanum.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem	Að gera öll börn virk í leik og starfi. Efla sjálfræði barna til að tjá skoðanir sínar. Að börnunum finnst þau hafa meira





stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	vægi í því sem gert er í leikskólanum. Minnka árekstra í barnahópnum. Að öll börn öðlist öryggi inn á deildinni og skynji að rödd þeirra og vellíðan skipti máli. Að öll börn eignist vini sem þeim finnst gott að vera með. Að réttlætning og virðing einkenni félagsfærni barnanna og þau öðlist vilja og færni til að hafa jákvæð áhrif á umhverfið og samfélagið í heild sinni.
---	---

Deild/aldur barna	Birkilundur/ árgerð 2019 og 2020
Umbótapáttur/matspáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Útinám
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Hreyfingu, náttúruvernd, sköpun, uppgötvunarnám. Setja upp verkferla með börnunum að hausti svo unnið sé markvist í útináminu og
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Hafa fasta útinámstíma einu sinni í viku hjá öllum börnum. Fara í minni hópum og líka stærri hópum. Fara oftár í útinám ef færi gefst. Setja upp og skipuleggja t.d. tíu útinámstundir og vinna markvist út frá þeim.
Ábyrgð	Starfsmenn deildar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Ágúst 2024 – júní 2025
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Fá börnin til að vera meiri þátttakendur í að ákveða hvað á að gera í útináminu. Börnin komi með hugmyndir um hvað hægt er að gera í útinámi og kjósi síðan um hvað þau vilja gera. Börnin meti það sem gert er í útinámi t.d. með demanti og í vinnustundum. Kennarar fari yfir á deildarfundum hvað gengur vel og hvað má betur fara.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem	Efla kunnáttu, getu og áhuga barna á útinámi. Börnin læri að bera virðingu fyrir hvort öðru, umhverfinu og





stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	náttúrunni. Fáir verkefni sem vekja forvitni þeirra, sköpun og hvetja þau til gagnrýnar hugsunar, rannsókna og kannana.
---	---

10.2 Umbótaáætlun Grenilundar 2024-2025

Deild/aldur barna	Grenilundur börn fædd 2019 og 2020
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Sögugerð/málörvun
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Hver og einn hópur vinni í sögugerð og hvert barn fái að gera sögu a.m.k tvær sögur á hvorri önn.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Vinum sögugerð í smærri hópum eins og í vinnustund
Ábyrgð	Hópstjórar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2024- maí 2025
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Hver saga er skráð niður og geymd í ferilmöppu barnanna.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að börn fái aukin málþroska í að segja sögu og færni að tjá sig.

Deild/aldur barna	Grenilundur börn fædd 2019-2020
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Myndlist
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Vinna meira og markvissara með teikningu og myndlist með börnunum





Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Vera með skipulagðar stundir þar sem börnin fá að mála og teikna, hafa alltaf blöð og tré/tússliti á borði svo það sé aðgengilegt fyrir börnin.
Ábyrgð	Starfsmenn deildar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2024-maí 2025
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Metið á deildarfundum hvaða myndlistarverkefni við viljum gera með börnunum og hvort við viljum vinna það í hópastarfi eða saman.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að börnin fái betri færni í að vinna með fínhyringar og listsköpun, með því að fá að teikna, fönndra og mála meira.

Deild/aldur barna	Grenilundur 2019-2020
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Demantaaðferðin
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Hver hópur í vinnustund geri demant með sínum hópi a.m.k einu sinni á hvorri önn.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Vinum þetta í vinnustund, hver hópstjóri sér um að þetta sé gert hjá sínu hópi.
Ábyrgð	Allir starfsmenn
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2024-maí 2025
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Metið á deildarfundum, einnig í vinnustund þar sem við metum með börnunum skrifum það niður og höfum það til hliðsjónar þegar meta á aftur.





Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að börn og kennarar sjái betur, fá betri yfirsýn hvað það er sem börnin vilja vinna meira með.
--	--

10.3 Umbótaáætlun Víðilundar

Deild/aldur barna	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Útinám.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að festa útinám betur í sessi og vera með markvissari viðfangsefni fyrir alla hópa.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Gera áætlun mánaðarlega með verkefnum sem skal leysa í vikulegu útnámi (2-3 í mánuði, annað frjálst)
Ábyrgð	Deildarstjórar útbúa áætlun og allt starfsfólk framfylgir.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Ágúst 2024-maí 2025
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Tíðniskráning, samtal starfsfólks og endurgjöf frá börnum, t.d. demantur.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að bæði börn og starfsfólk séu ánægð með fyrirkomulagið og njóti þess að fara í útinám.

Deild/aldur barna	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf,	Lýðræði.





mannauður/leikskólabragur, innra mat)	
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að auka áhrif barnanna á daglegt líf.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Bæta dagskipulag til þess að börnin hafi meira val, s.s. hvenær farið er út, hvar er setið og hvaða verkefni fengist er við. Tengja um leið við Barnasáttmálann og þær greinar sem þetta snertir.
Ábyrgð	Stjórnendur leggja línur og starfsfólk er samábyrgt.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Ágúst 2024-maí 2025
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Jól 2024 / Vor 2025. Samtal við bæði börn og starfsfólk.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að börnin upplifi aukið vald.

Deild/aldur barna	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Demantaaðferðin
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að nýta demantaaðferðina betur í starfi með börnunum svo það sé hægt að breyta og aðlaga viðfangsefnið að áhuga barnanna.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Skipta viðfangsefnum á milli hópa og meta oft. T.d. 2-3x á önn á hvern hóp.
Ábyrgð	Allir starfsmenn deildar.





Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Ágúst 2024 - maí 2025
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Hefur þetta verið gert og skilar það árangri? Hægt að endurmeta með demanti 😊
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að demantaáferðin hafi jákvæð áhrif á upplifun barna af viðfangsefnum skólans.

10.4

Umbótaráætlun yngri barna (Strönd og Vík)

Deild/aldur barna	Árgerð 2020, 2021 og 2022
Umbótaráttur/matsþáttur (t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Útinám
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að öll börnin taki þátt í því og upplifi öryggi utan lóðar Fara oft, stefna að því að hvert barn fari vikulega
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Skipuleggja fyrir fram hvað við eigum að gera í útinámi, leggja niður hugmyndir og plan að hausti / aftur að vori – þá er líka auðvelt að breyta plani eins hentar m.v. veður og starfsmannafjölda ef eitthvað hentar ekki þá vikuna.
Ábyrgð	Deildarstjóri útbýr áætlun og allt starfsfólk framfylgir.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2024- nóvember 2024 Mars 2025- maí 2025
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Samtal starfsfólks, viðtal við börn og gera demant.





Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði

Upplifun starfsfólks og barna, ánægja þeirra og hvað situr eftir. Að hvorutveggja börn og starfsfólk njóti þess að fara út fyrir lóðina og upplifi sig öruggt í aðstæðum og að starfsfólk finni að það hafi vald á aðstæðum. Þetta er hægt að gera með því að byrja á „auðveldari“ eða styttri verkefnum og auka svo erfiðleika stig – auk þess að fara eitthvað í hverri einustu viku og æfa „útinámsvöðvann“. Gott skipulag í upphafi annar styður við þetta markmið.

10.2 Umsögn foreldraráðs

Umsögn foreldraráðs Hálsaskógar um starfsáætlun skólaársins 2024-2025

Í foreldraráði Hálsaskógar fyrir skólaárið 2023-2024 sitja: Elísabet Magnúsdóttir, Guðbjörg Ása Jónsdóttir, Írena Guðlaugsdóttir, Lára Hilmarsdóttir, Lena Sólborg Valgarðsdóttir.

Starfsáætlun Hálsaskógar fyrir veturinn 2024-2025 gefur góða innsýn í starfi og áskoranir síðasta skólaárs. Voru húsnæðismál í brennidepli sem eykur óþarfa álag á starf, starfsfólk, börn og umönnunaðila. Foreldraráðið vill nýta tækifærið og hrósa starfsfólki og stjórnendum leikskólans fyrir hvernig þau takast á við þetta stóra verkefni. Ráðið tekur undir að upplýsingum frá Reykjavíkurborg hefur verið ábótavant og vonumst við til að það horfi til betri vegar á komandi skólaári. Sömuleiðis tekur ráðið undir að þröngt er um starfsfólk og börn á Koti, öðru húsi af tveimur, og hvetur Reykjavíkurborg til þess að sýna áræðni og áreiðanleika í því að klára framkvæmdir á Borg, húsinu sem hefur verið lokað síðan haustið 2022 vegna rakaskemmda. Foreldraráðið hvetur Reykjavíkurborg til þess að verða við óskum stjórnenda að fá skúr á lóð Kots til að útbúa ásættanlega starfsmannaaðstöðu. Mikil þörf er á úrbættum á leikskólalóð húsnæðisins Kots og kemur ástand hennar töluvert niður á útiveru barnanna. Foreldraráðið hvetur einnig Reykjavíkurborg til að koma þeim framkvæmdum í ferli sem allra fyrst.

Þrátt fyrir húsnæðismálin hefur starf leikskólans einkennst af metnaði og góðu samstarfi við foreldra. Fagmennska og metnaður einkennir starf leikskólans og eru verkefni á borð útinámið, Herra Níels, Lubbastundir, demantsaðferðin og samskipti við foreldra allt til marks um það. Ráðið fagnar einnig umbótaáætlunum sem snúa að sérkennslu, fjöltyngi og starfi inn á hverri deild og hlakkar ráðið til þess að sjá starfsfólk leikskólans hrinda þessum áætlunum í framkvæmd til þess að bæta enn frekar starfið og starfsandann.

Í starfsáætlun má glögg sjá það sem deildirnar hafa verið að vinna með, hvað hefur gengið vel og hvar eru tækifæri til umbóta. Þá hafa börnin tekið þátt í að meta starf Hálsaskógar en gagnlegt væri að sjá á hvaða hátt börnin hafa áhrif á daglegt starf og sitt nám. Ráðið leggur til að mati barnanna





verði gerð skil í næstu starfsáætlun svo þær upplýsingar séu aðgengilegar bæði foreldrum og starfsfólki.

Samskipti við foreldra voru almennt góð og vel skipulögð. Foreldraviðtöl, opnir viðburðir, og foreldravikan gáfu foreldrum og umönnunaraðilum tækifæri til þess að fá innsýn í starfsemi leikskólans.

Starfsfólk leikskólans er ómissandi og mikilvægt að tryggja góðan starfsanda og skapa umhverfi þar sem starfsfólk nýtur sín í starfi og líður vel. Þetta er ekki síst mikilvægt í ljósi álags sem húsnæðismál setja á starfsfólk og almennum vandi við að manna leikskóla á höfuðborgarsvæðinu. Í starfsáætlun kemur fram að langtímaveikindi og önnur mál hafi haft áhrif á starfsemi leikskólans, mismikið eftir deildum. Ráðið vonar að stjórnendur finni leiðir til þess að byggja enn frekar upp gott starfsumhverfi og fái til þess þann stuðning sem þau þurfa til þess að tryggja vellíðan og ánægju starfsfólks.

Í starfsáætluninni má einnig finna góðar upplýsingar um starf sérkennslunnar. Áskoranir hennar og áherslur næsta skólaárs. Sem og upplýsingar um málörvun barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn.

Fagskrifstofa leikskólamála

Dagsetning: 3. júlí 2024

Undirskrift fulltrúa í foreldraráði

Elísabet Magnúsdóttir

Guðbjörg Ásta Jónsdóttir

Írena Guðlaugsdóttir

Lára Hilmarsdóttir

Lena Sólborg Valgarðsdóttir

F. h. leikskólans Hálsaskógar

Ásgerður Guðnadóttir
Leikskólastjóri

03.07.2024
Dagsetning



